

Sæmundsdóttur, á uppboði 4/3 1961, er lagðir hafa verið fram í uppboðsréttinum á réttarskjali 2, skulu óbreyttir standa.

Föstudaginn 10. marz 1961.

Nr. 123/1960. **Ákærvaldið** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
 gegn

Þóri Ásvaldi Roff (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, reyndust í blóði ákærða, sem honum var tekið kl. 0300 aðfaranótt 19. október 1958, „reducerandi efni, er samsvara 0,51‰ af alkóhóli“.

Samkvæmt álitserð Læknaráðs, sem lögð var fram í hæstaréttarmálinu nr. 161/1959, er talið, að „eðlileg“ reducerandi efni blóðs, er mælist sem áfengi án þess að vera það, nemi 0.03‰, og séu efni þessi „meiri í venublóði og meiri að kvöldi dags en endranær“.

Þegar litið er til þessara læknisfræðilegu gagna, verður ekki við það miðað, að áfengismagn í blóði ákærða hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem eigi er samkvæmt öðrum gögnum leitt í ljós, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis við akstur þann, er mál þetta er af risið, þá verður honum dæmd sýkna af kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Ásvaldur Roff, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. janúar 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 21. janúar, var í sakadómí Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 30/1960: Ákæruvaldið gegn Þóri Ásvaldi Roff.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er með ákæruskjali Dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. janúar 1960, höfðað gegn Þóri Ásvaldi Roff bifreiðarstjóra, Ljósvöllum, Innri-Njarðvík, fyrir að hafa um kl. 0215 sunnudaginn 19. október 1958 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni VL-E-811 nokkurn spöl við samkomuhús Ytri-Njarðvíkur.

Telst þetta varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku- leyfisviptingar, samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 15. marz 1940 í Reykjavík, og hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudags 19. október 1958 kl. 0215 stöðvaði lögregluþjónn, er var á verði við Samkomuhús Ytri-Njarðvíkur, bifreiðina VL-E-811, er var að aka burt frá samkomuhúsinu. Öku- maður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hafði þá ca 25 mínút- um áður lent í ryskingum inni í nefndu samkomuhúsi. Þar sem lögregluþjónninn taldi sig sjá ölvunareinkenni á ákærða, þau að hann var loðmæltur og augu gljáandi, færði hann ákærða til blóð- töku, og var hún framkvæmd þremur stundarfjórðungum síðar á sjúkrahúsi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Lögreglumaður sá, er handtók ákærða, Bergsteinn Árnason, hefur við yfirheyrslu í sakadómí Keflavíkurflugvallar upplýst,

að hann hafi ekki séð önnur ölvunareinkenni á ákærða en á undan greinir. Vitni þetta kveðst hafa handtekið ákærða, vegna þess að hann hefði lent í ryskingum skömmu áður, eins og áður getur.

Annar lögregluþjónn, er þarna var og staddur, Kristján Maríus Jónsson, hefur og borið vitni í máli þessu. Þetta vitni sá ákærða ekki aka bíl í umrætt skipti. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið vínlykt af ákærða, enda ekki grennslazt fyrir um það atriði. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nein ölvunareinkenni á ákærða, en kvað hann hafa verið í einhverju þrasi við fólk þarna á staðnum og öran í skapi.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá atvikum við yfirheyrslu í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember s.l., að hann hafi í umrætt skipti sungið með hljómsveit, er lék fyrir dansi í samkomuhúsinu. Ákærða minnti, að hann hefði drukkið sjö flöskur af íslenskum pilsner þarna á dansleiknum. Ekkert sterkara kvaðst hann hafa drukkið þar og taldi sig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa. Hann taldi sig mundu hafa verið orðinn rauðeygðan af reykingarsvælu í danssalnum. Skömmu áður en dansleik þessum lauk, kvaðst ákærði hafa verið að tala í síma, er maður nokkur hafi komið þar aðvífandi og þrifið af sér símatólið. Lenti ákærði í smáryskingum við að fjarlægja mann þenna. Ákærði kannast við að hafa verið að leggja af stað heimleiðis í bifreið föður síns, er lögreglan tók hann.

Við alkóhólrannsókn á blóði því, er tekið var úr ákærða umrædda nótt, fundust reducerandi efni, er samsvara 0.51‰ af alkóhóli.

Með þeirri játningu ákærða, að hann hafi þarna á dansleiknum neytt svo mikils magns, er áður getur, af öli, sem inniheldur að vísu alveg hverfandi alkóhólmagn, svo og með framburði vitnisins Bergsteins Árnasonar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði var í umrætt skipti það mikið undir áhrifum áfengis, að hann verður ekki talinn hafa getað stjórnað bifreið örugglega.

Hefur því ákærði gerzt brotlegur við 2. og 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða fyrir brot þetta hæfilega ákveðin samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga 1200.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hins vegar þykir með tilliti til þess, að áfengismagn í blóði ákærða var ekki meira en raun bar vitni, og þar sem ákærði

hefur ekki áður gerzt sekur um sams konar brot né annað verulegt brot á skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, mega sleppa ökuleyfisviptingu vegna brots þessa með tilvísun til 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga in fine.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórir Ásvaldur Roff, greiði 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal vera sýkn af kröfu ákærvaldsins um ökuleyfisviptingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. marz 1961.

Nr. 95/1960. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sjótjón. Vátrygging fiskiskips.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt samdómendum Ólafi St. Ólafssyni forstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. júní 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. s. m. og gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að honum verði dæmd sýkna og loks, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.